

Opus Dental SMS handbók

Opus SMS er þjónusta sem gerir Opus Dental kleift að senda SMS skilaboð.

Með Opus SMS getur Opus Dental:

- ▶ Sent tímaáminningar með SMS
- ▶ Sent spurningar og fengið svör með SMS
- ▶ Sent upplýsingar með SMS

Opus SMS þjónustan sparar tíma, eykur ánægju viðskiptavina og fækkar skróptímum til muna. Þjónustan liðkar fyrir samskiptum við sjúklinga og eykur snertingu stofunnar við þá.

SMS þjónustan er veitt af fyrirtækinu 21st Century Mobile Solutions; <http://opusSMS.se/is/> og hana má panta með því að smella á vefslóðina hér að ofan.

Pöntun á þjónustunni er venjulega afgreidd innan 24 tíma og upplýsingar fyrir uppsetninguna eru sendar í tölvupósti.

Eftir að gengið hefur verið frá SMS áskrift hjá 21st, er hægt að virkja SMS kerfið í Opus Dental.

SMS stillingarnar eru aðskildar fyrir hvert fyrirtæki í Opus Dental, þannig að hvert fyrirtæki getur haft sína eigin uppsetningu á notkun SMS og kostnaður er aðgreindur.

Áður en hægt er að nota SMS í Opus, þarf að setja upp Opus SMS Service, á vélinni sem hýsir gagnagrunninn. Þú finnur leiðbeiningar um hvernig það er gert á niðurlalssíðu Sjöundar fyrir Opus Dental:

http://www.7und.is/index.php/thjonusta/thjonusta_nidurhal_opusdental



Um leiðbeiningarnar

Þessar leiðbeiningar skiptast í tvo megin hluta.

Grunnuppsetning hér er útskýrt hvernig þjónustan er sett upp. Þessar leiðbeiningar þarf bara að fara yfir í upphafi.

Notkun hér er notkun SMS þjónustunnar útskýrð. Þennan hluta leiðbeininganna er gott að prenta út og hafa við hendina þegar notkun SMS þjónustunnar er hafin.

Grunnuppsetning



1. Hakaðu við reitinn SMS til að virkja SMS fyrir fyrirtækið, eftir það eru SMS stillingar og virkni orðin aðgengileg fyrir það fyrirtæki.
2. Skráðu þvínæst inn númerið sem þið fenguð frá 21st Century Mobile.
3. Smelltu síðan á táknmyndina með skráflyklinum til að opna uppsetningargluggann fyrir SMS kerfið. Sjá næstu síðu.

SMS Stillingar

Ef þú vilt leyfa sjúklingnum að svara skilaboðunum, er hakað við hér.
Þá er sendandi skilaboðanna símanúmer sem getur tekið á móti svari.
Svarið getur þú síðan lesið í Opus Dental.

Ef svörun er ekki leyfð, getur þú skrifað nafn sendanda hér.
Séríslenskir stafir (þ, ð, æ, á, osfrv.) virka ekki hér.

Hér er stillt hversu mörgum klukkutímum fyrir tímabókun SMS skilaboðin eru send út.

Þessi hnappur er útskýrður á næstu síðu

Þessi hnappur er útskýrður á næstu síðu


Ekki taka með þessa vikudaga, þetta þýðir að ekki eru sendar út áminningar á þeim vikudegi sem merkt er við.
Við mælum með að merkja ekki í þessa reiti.

- **Stofna SMS áminningu fyrir alla sem hafa gilt farsímanúmer:**
Sé farsímanúmer sjúklingsins skráð á persónuupplýsinga spjaldinu (í reitinn Farsímanúmer), verður SMS áminning búin til sjálfkrafa fyrir tímabókanir viðkomandi.
- **Stofna SMS áminningu fyrir sjúklinga sem hafa valið SMS áminningu,**
Ef merkt var við **SMS-áminning** á persónuupplýsinga spjaldi skjólstæðingsins sem er að fá tannlæknatíma verður SMS áminning búin til sjálfvirk.
- **Ekki stofna SMS áminningu,** SMS áminning verður ekki búin til sjálfvirk fyrir þennan sjúkling.


Textaglugginn

Ef þú ýtir á hnappinn **Texti** á myndinni á fyrri síðu, kemur glugginn hér að neðan upp. Hér er hægt að virkja og búa til staðlaðar SMS skilaboðasendingar. Í kerfinu eru 7 mismunandi gerðir:

- **Áminning 1,2 og 3** – Notast þegar senda á áminningu um tímabókanir.
- **Bókun** – Notast til að senda upplýsingar um tímabókun.
- **Eftirlit** – Notast til að senda upplýsingar um eftirlitstíma.
- **Almennt SMS** – Notast í öllum öðrum tilfellum.



Hægt er að sniða SMS textann eftir eigin þörfum, dæmi um það sést hér:



Hægt er að nota þær breytur sem gefnar eru upp til að sækja upplýsingar um viðkomandi skjólstæðing, tímabókun og meðferðaraðila:

- [FORNAFN] – Fornafn skjólstæðings.
- [EFTIRNAFN] – Eftirnafn skjólstæðings.
- [TIMABOKUN] – Tímabókun skjólstæðings.
- [MEDHONDLARI] – Ábyrgur meðferðaraðili.
- [BUSINESSPHONE] – Óvirkt - ekki nota.


Til að setja breytur inn, er bendillinn settur á réttan stað í textanum og þvínæst er tvísmellt á breytuna sem á að setja inn.

Breyturnar verða svo að upplýsingum sem sóttar eru úr Opus Dental þegar SMS skilaboðin eru stofnuð.

Þetta eru sjálfgefin skilaboð. Þeim má síðan breyta fyrir hverja bókun fyrir sig ef þarf.

Uppfæra SMS

Ef ýtt er á hnappinn **Uppfæra SMS** hreinsar kerfið út eldri áminningar og býr til nýjar samkvæmt sjálfgefnu stillingunum hér að ofan. Hafi SMS verið sérsniðin fyrir ákveðnar tímabókanir, hreinsast það út og sjálfgefnu textarnir eru settir inn í staðinn.



•

Notkun á SMS í Opus Dental

Fyrsta verk: Skráningarkort skjólstæðingsins

Til að geta sent SMS skilaboð þarf skjólstæðingurinn að hafa gilt farsímanúmer skráð í skráningarkortið sitt. Númerið má innihalda bil og bandstrik en ekki landsnúmer, Opus Dental sér um það. Þetta er nóg að stilla einu sinni per sjúkling.

The screenshot shows the 'Persónuupplýsingar - Sjúklingur' form. The 'SMS-viðvörðun' checkbox is checked and circled in red. The 'Farsími' field is also circled in red.

Staða

- Virk
- Hætt(ur)
- Látt(ur)
- Flutt(ur)
- Óskar eftir deyfingu
- Áth!
- SMS-viðvörðun

Samskiptaupplýsingar

Vinnusími: 5671700 Farsími: 8984717
 Heimasími: 5672017 Fax: 5671707
 Netfang: hermann@7und.is
 Skóli/Vinna: _____
 Reikningur nr: _____

Heimilisf

Heimilisfang 1: Andrésbrunni 7
 Heimilisfang 2: _____
 Postnr. 113 Staður Reykjavík
 Sveitarfélagnr. 0000 Sveitarfélag REYKJAVÍKURBORG
 Sveitarfélag á ekki við póstr.

Fjölskylda

Sjúklingsnr.	Fornafn	Eftirnafn	Kennitala	Heimilisf 1	P.nr.	Staður
30001	Stígur Hermanns...	Aspar	270102-2710	Andrésbrunni 7	113	Reykjavík

Til að SMS áminningin virki, þarf að hafa rétt farsímanúmer skráð og haka við liðinn **SMS-viðvörðun**.

ATH! Ef skjólstæðingurinn hefur tímabókun á mánudegi þannig að SMS skilaboð ættu að sendast til hans á sunnudegi getur það misfarist ef slökkt er á tölvunni/netþjóninum sem sér um SMS sendingarnar. Í því tilfalli sendast öll SMS skilaboð sem áttu að fara á sunnudeginum sjálfvirk út á mánudeginum þegar kveikt verður á tölvunni/netþjóninum.

SMS sendingar




Það er hægt að senda SMS á ólíkan hátt frá mismunandi stöðum í Opus Dental. Hér að neðan er listi yfir algengustu aðferðirnar og þá SMS texta sem eiga við


- **Sendu SMS til skjólstæðings** – Almennur texti
- **Sendu SMS áminningu til skjólstæðings** – Áminning 1, 2 og 3
- **Sendu SMS til frjáls númers** – Eigin texti
- **Sendu SMS beint úr dagbók frá tímabókun skjólstæðings** – Bókunar texti
- **Sendu SMS til fleiri en einn skjólstæðing í einu** - Almennur texti
- **Sendu SMS áminningu til skjólstæðinga dagsins** - Áminning 1, 2, 3 og Almennt

Staða SMS skilaboða

Það er mjög auðvelt að sjá stöðu SMS skilaboða í dagbókinni.

Ef valið er að senda áminningu vegna tímabókunar birtist icon neðst hægra megin í tímabókuninni. Iconið birtir stöðu SMS skilaboðanna.

-  SMS áminning er virk fyrir þessa bókun, en hefur ekki verið send.
-  Áminning hefur verið send, en móttökuvittun hefur ekki borist frá farsíma viðtakanda.
-  Áminning hefur verið send og móttökuvittun hefur borist frá farsíma viðtakanda.




Athugaðu að móttökuvittunin þýðir aðeins að skilaboðin hafi komist á leiðarenda; í farsímamann sem þau voru send í, en það þýðir ekki að skilaboðin hafi verið lesin.


Af tæknilegum ástæðum er ekki hægt að fá upplýsingar um hvort SMS hafi verið lesin. Þetta er takmökun á virkni SMS sem hefur ekkert með Opus að gera.

Senda SMS til skjólstæðings

Veljið skjólstæðing og veljið svo eftirfarandi:




Við það opnast þessi gluggi:



Hér er hægt að skrifa inn þann texta sem óskast og breyta því hvenær SMS skilaboðin eiga að sendast.

Senda SMS áminningu til skjólstæðings

Í glugganum "Bókun" er hakað við SMS-áminning, skjólstæðingurinn mun þá fá SMS áminningar fyrir þá tímabókun samkvæmt staðlaðri uppsetningu. Það er hægt að skoða og breyta SMS skilaboðunum með því að ýta á hnappinn "SMS".



Við það opnast þessi gluggi:

The screenshot shows a software window titled 'SMS' with a recipient 'Hermann Haukur Aspar' and phone number '+354 898 4717'. It contains a list of four reminders:


- Áminning 1:** Reminder for Hermann Haukur at Tannlæknir Demo Jón Jónsson on 26.10.2007 at 15:00. Includes a 'Hægrismelltu á bókunina til að fá þennan glugga upp' button.
- Áminning 2:** Reminder for Hermann Haukur at Tannlæknir Demo Jón Jónsson on 26.10.2007 at 15:00.
- Áminning 3:** Reminder for Hermann Haukur at Tannlæknir Demo Jón Jónsson on 26.10.2007 at 14:00.
- Takk fyrir komuna:** Thank you reminder for Hermann Haukur on 27.10.2007 at 18:00.

At the bottom of the window are buttons for 'Sýna svar', 'OK', and 'Hætta'.

Ef búið er að skrá í korti skjólstæðingsins gilt farsímanúmer og að hann óski eftir SMS áminningu eða að í uppsetningu kerfisins hefur verið valið að senda SMS til allra með gilt farsímanúmer þá er búið að stofna allar SMS áminningarnar sem hafa verið skilgreindar í SMS uppsetningunni. Hægt er síðan að breyta þeim að vild eða gera þær óvirkar ef hættu á við að senda viðkomandi SMS áminningu.


Ef ekki hefur verið skráð gilt farsímanúmer í korti skjólstæðingsins opnast þessi gluggi ekki heldur kemur gluggi með viðvörðun um að það þurfi að skrá gilt farsímanúmer með minnst 7 tölustafi í korti skjólstæðingsins.

Ef ekki hafa verið stofnaðar SMS áminningar þegar tímabókun var gerð eða að óskað er eftir að senda SMS áminningu beint frá tíma skjólstæðingsins úr dagbókinni er hægt að hægrismella á tímabókunina og velja „**Stofna SMS-áminningu**“ eða „**Senda SMS beint**“. Valið „**Senda SMS beint**“ verður stofnað úr SMS textanum „**bókun**“




Senda SMS til frjáls númers

Farið í "Verkfæri" og veljið "Senda SMS"




Við það opnast þessi gluggi:




Hér er frjálst að skrifa inn það farsímanúmer sem á að senda á, skrifa inn skilaboðin og ákveða hvenær SMS skilaboðin eiga að sendast.

Senda SMS til fleiri en eins skjólstæðings í einu


Veldu “Listar” og svo “Skráarleit” eða ýttu á Ctrl L á lyklaborðinu



Við það opnast skráarleitarglugginn, finnið þar lista af skjólstæðingum sem þið viljið senda SMS skilaboð til. Veljið svo þá sem þið viljið senda SMS skilaboð til með því að merkja þá (vinstri smellið með músinni á fyrsta, haldið inni músarhnappnum og dragið músina til eða haldið inni “Ctrl” hnappinum á lyklaborðinu á meðan þið veljið skjólstæðinga með því að smella á þá með vinstri músarhnappnum). Þegar þið hafið valið alla sem eiga að fá SMS skilaboð þá smellið þið á SMS hnappinn neðst í glugganum.



Við það opnast svona gluggi:




Einungis þeir skjólstæðingar sem merkt er við vinstra megin við númerið, munu fá SMS skilaboðin send. Ef einhvern skjólstæðing vantar á listann þarf að athuga hvort gilt farsímanúmer hafi verið skráð í kortinu hans.

Senda SMS áminningu til skjólstæðinga dagsins

Smellið á hnappinn „Í dag“ í hnappastikunni til að opna skjólstæðinga dagsins. Merkið þá skjólstæðinga sem eiga að fá SMS og smellið á hnappinn „Senda SMS“




Veljið síðan hvernig SMS á að senda:



Við það opnast SMS gluggi þar sem hægt er að stjórna hverjir fá SMS og breyta texta. Ef einhvern vantar á listan þá þarf að athuga hvort gilt farsímanúmer sé skráð í korti viðkomandi skjólstæðings.

Send SMS

Opnið „Listar“, „SMS-listi“ og svo „Sent“



SMS –listi > Sent, er listi yfir allar SMS sendingar sem stofnaðar hafa verið í kerfinu, hér er hægt meðal annars að leita, sjá stöðu eða stoppa sendingu ósendra SMS skilaboða.

sms SMS-listi - Sent

Álmörkun

Móttakandi: (Allt) Tegund: (Allt) Stofna F.o.m: 23.10.2007 T.o.m: 23.10.2007

Fyrirtæki: (Allt) Staða: Allar Sends 23.10.2007 23.10.2007

Meðferðaraðili: (Allt) Yfirfærð 23.10.2007 23.10.2007

Svára 23.10.2007 23.10.2007

Meðf.	Farsími	Sjúklings	Eftirnafn	Fornafn	Tími	L S	Tegund	Staða	Stofna	Sends	Yfirfærð	Svara
002	+3548984717	20001	Áspar	Hermann Haukur	23.10.2007 13:30	Nei	R	B	23.10.2007 16:52	23.10.2007 12:30		
002	+3548984717	20001	Áspar	Hermann Haukur	23.10.2007 13:30	Já	R	B	23.10.2007 16:52	22.10.2007 13:30		
002	+3548984717	20001	Áspar	Hermann Haukur	23.10.2007 13:30	Já	R	B	23.10.2007 16:52	19.10.2007 13:30		
002	+3548984719	30001	Áspar	Stígur Hermannsson	23.10.2007 12:30	Nei	R	B	23.10.2007 16:51	23.10.2007 11:30		
002	+3548984719	30001	Áspar	Stígur Hermannsson	23.10.2007 12:30	Já	R	B	23.10.2007 16:51	22.10.2007 12:30		
002	+3548984719	30001	Áspar	Stígur Hermannsson	23.10.2007 12:30	Já	R	B	23.10.2007 16:51	19.10.2007 12:30		
002	+3548984717	20001	Áspar	Hermann Haukur	26.10.2007 15:00	Nei	R	B	23.10.2007 14:01	26.10.2007 14:00		
002	+3548984717	20001	Áspar	Hermann Haukur	26.10.2007 15:00	Já	R	B	23.10.2007 14:01	25.10.2007 15:00		
002	+3548984717	20001	Áspar	Hermann Haukur	26.10.2007 15:00	Já	R	B	23.10.2007 14:01	22.10.2007 15:00		
002	+3548984717	20001	Áspar	Hermann Haukur	26.10.2007 16:00	Nei	R	B	23.10.2007 14:01	26.10.2007 15:00		
002	+3548984717	20001	Áspar	Hermann Haukur	26.10.2007 16:00	Já	R	B	23.10.2007 14:01	25.10.2007 16:00		
002	+3548984717	20001	Áspar	Hermann Haukur	26.10.2007 16:00	Já	R	B	23.10.2007 14:01	22.10.2007 16:00		

Fjöldi: 12

Veifa Loka

Hver SMS skilaboð geta haft mismunandi stöðu, þessi staða er sýnd í töflunni og hægt er að leita samkvæmt stöðu SMS skilaboða. Þetta eru stöðurnar sem skilaboðin geta haft:

SMS-listi - Svar

Áfmörkun

Móttakandi: (Allt) Lesið (Allt) Svarað Frá: 10. 6.2011 Til: 10. 6.2011

Fyrirtæki: (Allt) Staða: (Allt) Skráð: 10. 6.2011 Til: 10. 6.2011

Lesið	Staða	Farsími	Sjúklings	Eftirnafn	Fornafn	Svarað	Skráð	Skilaboð
Já		8221030	20045	Pétursson	Guðjón	8.6.2011 14:38	8.6.2011 14:39	Brilljant
Nei		8984717	20001	Aspar	Hermann Haukur	1.10.2010 00:36	1.10.2010 00:41	Ja ok
Nei		8984717	20001	Aspar	Hermann Haukur	1.10.2010 00:24	1.10.2010 00:24	Ja eg kem

Fjöldi: 3

SMS

Sjúklingsnr.: Skilaboð: Brilljant

Nafn:

Farsími: +3548221030

Skráð: 8.6.2011 14:39

Velja Loga

- **B = Bíður** – SMS skilaboðin verða send á skráðum tíma.
- **S = Sent** – SMS skilaboð hafa verið send.
- **SS = Sent og Svarað** - SMS skilaboð hafa verið send og þeim svarað.
- **M = Mistókst** – Sending mistókst sökum bilunar, SMS skilaboðin verða ekki send.
- **A = Aflyst** –

SMS-listi - Svar

Áfmörkun

Móttakandi: (Allt) Lesið (Allt) Svarað Frá: 10. 6.2011 Til: 10. 6.2011

Fyrirtæki: (Allt) Staða: (Allt) Skráð: 10. 6.2011 Til: 10. 6.2011

Lesið	Staða	Farsími	Sjúklings	Eftirnafn	Fornafn	Svarað	Skráð	Skilaboð
Já		8221030	20045	Pétursson	Guðjón	8.6.2011 14:38	8.6.2011 14:39	Brilljant
Nei		8984717	20001	Aspar	Hermann Haukur	1.10.2010 00:36	1.10.2010 00:41	Ja ok
Nei		8984717	20001	Aspar	Hermann Haukur	1.10.2010 00:24	1.10.2010 00:24	Ja eg kem

Fjöldi: 3

SMS

Sjúklingsnr.: Skilaboð: Brilljant


Nafn:

Farsími: +3548221030

Skráð: 8.6.2011 14:39

Velja Loga

- Sendingunni hefur verið aflýst af notanda, SMS skilaboðin verða ekki send.




- **MR = Mistókst og Reyni aftur** – Bilun hefur átt sér stað, það verður gerð ný tilraun til að senda SMS skilaboðin.
- **Ú = Útrunnið** – Uppsettur tímarammi fyrir sendinguna er útrunninn án þess að það tókst að senda SMS skilaboðin, það verður ekki gerð ný tilraun til að senda SMS skilaboðin.

SMS sem hefur verið sent til skjólstæðings sem ekki er skráður sjúklingur byrtist án númers og nafns í listanum.

Móttekin SMS

Opnaðu Listar - SMS-listi - Móttekið



SMS –listi Móttekið, er listi yfir svör sem stofan hefur fengið við skilaboðum sem send hafa verið út. Hér er hægt meðal annars að leita eftir svörum eða merkja við svar sem ákveðið er að fylgja eftir.

Þegar SMS svar er valið í listanum þá birtast nánari upplýsingar um viðkomandi svar neðar í sama glugga.

Listinn sýnir 1 lesin og 2 ólesin svör. Ef skilaboðin eru valin í listanum, birtist svarið í glugganum fyrir neðan listann.


Til að merkja svar til eftirfylgni þarf að velja svarið þannig að það verði blátt á litinn og hægrismella svo með músinni til að fá fram vallistann.

Svona lítur vallistinn út:


Ef þið veljið „**Fylgja eftir**“ þá birtist blátt **F** í stöðudálknum.

SMS info

Opnið „**Verkfæri**“, „**Uppsetning – Valinn meðferðaraðili**“ og svo „**SMS-uppl.**“



Í SMS Upplýsingum er hægt að sjá fjölda sendra SMS skilaboða ásamt stöðu síðustu samskipta við 21st Century Mobile Solutions.



- **Síðasta dagsetning fyrir sent/mótttekið:** Sýnir hvenær Opus SMS Service tókst síðast að senda og taka á móti skilaboðum frá 21st Century Mobile Solutions.
- **Villa hefur átt sér stað (Dags.):** Gefur upplýsingar um hvenær hugsanleg bilun hefur átt sér stað.
- **Niðurstaða fyrir sent/mótttekið:** Sýnir árangur við síðustu SMS skilaboða sendingu.
- **Staða á SMS þjónustu:** Gefur upplýsingar meðal annars um útgáfu SMS þjónustunnar, síðasta stopp og start, þjónustuham, nafn tölvu og hvaða millibil í mínútum er á milli samskipta við þjónustuaðilann.
- **Pása í sendingu/móttöku:** Gefur upplýsingar um það hvenær og hvort bið verði á sendingum um helgar og á næturnar.

Ef SMS þjónustan hættir að virka þá koma fram upplýsingar um það í Opus. Byrjið þá að athuga hvort að SMS-info glugginn gefi einhverja einfalda vísbendingu um það hvað vandamálið sé. Textinn í hvíta glugganum undir “Niðurstaða fyrir sent/mótttekið” eru skilaboð frá 21st Century Mobile Solutions þau eru því á ensku.